

Bergljót Ragnars situr við eitt verka sinna.




Valgerður Bergsdóttir sýnir teikningar.



Sigríður Björnsdóttir sýnir litlar landslagsstemmningar.



Björg Þorsteinsdóttir við eitt af þremur olíumálverka sinna á sýningunni.



Edda Jónsdóttir notar blandaða tækni í myndum sínum, teikning og ljósmyndun ofin saman.



Borghildur Óskarsdóttir fjallar um umhverfislist og stöðu konunnar.

Grafík og olíumálverk jöfnum höndum

Björg Þorsteinsdóttir er sem kunnugt er forstöðumaður Ásgrímssafns, og er hún var spurð að því hvort hún hefði ekki orðið lítinn tíma fyrir listina, svaraði hún kímin: — Það fer vissulega mikill tími í Ásgrím, eins og karlmenn yfirleitt! En hún reynist nú samt vera önnum kafin við að vinna að grafíklist sinni, er m.a. að undirbúa sýningu með Félagi íslenskra grafíklistamanna í haust. Þar verða þær Edda og Valgerður líka, ásamt fleirum.

Björg segir að fleira sé í undirbúningi. Nýlega komu til Íslands forstöðumaður listasafnsins í Þrándheimi og aðalgagnrýnandi myndlistar í Osló og voru að velja íslenzkt framlag til sýningar í grafík og nýlist á menningarvikuna í Þrándheimi.

Á sýningunni á Kjarvalsstöðum nú sýnir Björg þrjú olíumálverk. — Jú, jú, ég vinn alltaf bæði grafíkverk og olíumálverk, segir hún, þessi listform togast á í manni. Og það er gott að breyta til og sækja endurnýjun í hvora listgreinina fyrir sig.

Sambúð — eilíft viðfangsefni

Edda Jónsdóttir vinnur líka mikið af grafík, og verður með í Þrándheimi í haust. Hún hefur verkstæði heima hjá sér og segir að grafíklistamenn séu í rauninni alltaf að senda myndir á sýningar úti í heimi. Til dæmis eiga þær Valgerður núna myndir á Bienalnum í Bradford og einnig myndir á sýningu í Baden-Baden, ásamt Björgu Þorsteinsdóttur. Edda er líka að undirbúa sýningu grafíklistamanna í Norræna húsinu í haust. Og hún verður með sýningu í Galleri Langbrók í lok apríl.

Á sýningunni á Kjarvalsstöðum sýnir Edda myndir með blandaðri tækni, sem eru teikningar og ljósmyndir unnar saman. Þar kveðst hún vera að fjalla um sambúð í sex myndum. — Ætli ég hafi ekki alltaf verið að fjalla um sambúðina, enda þvælist þetta viðfangsefni ennþá fyrir mér, segir hún og hlær við. Og þá er ég ekki bara að tala um sambúðina við karlmann, heldur sambúð fólks almennt. Hún kveðst ætla að halda áfram að vinna minni myndir með sömu tækni áfram, þótt hún almennt fáist mest við grafík og teikningu.

Stofnað til félags leirlistarmanna

Borghildur Óskarsdóttir beitir sér við annars konar tækni en þær hinar. Hún fjallar um umhverfislist, sem túlkuð er í ljósmyndum af atburðum, sem hún setur á svið, ef svo má segja. Ein myndröðin hennar á sýningunni er máluð landslag. — Ég hefi gaman af efninu, segir hún, til dæmis hvernig málningin kemur misjafnlega fram í vatni, lofti og í jörðu. Þetta er í rauninni landslagsmálverk.

Annað verkefni hennar á sýningunni á Kjarvalsstöðum er málverk af konu, enda segist hún einnig vera að velta fyrir sér stöðu konunnar, þótt túlkunin sé með þessu móti. Oft séu áhrifin gagnverkandi, þannig að maður uppgötvi eitthvað nýtt í sjálfum sér eftir að farið er að vinna verkið.

Annars vinnur Borghildur mikið í leir. Hún stóð nýlega fyrir stofnun Félags leirlistamanna, sem í eru 11 myndlistalærðir leirsmiðir og segir að mikil þörf hafi verið á þeim samtökum. Hún hefur sjálf verkstæði á Óðinsgötunni í gamla Glit-húsinu og hefur áhuga á að vinna jöfnum höndum með leir og annars konar efni. — Hugmyndin er aðalatriðið, útskýrir hún. Síðan kemur að því að ákveða hvernig maður vinnur úr henni. En leirlistafólkið stefnir að sameiginlegri sýningu, e.t.v. á listahátíð 1982, enda tekur langan tíma og mikla fyrirhöfn að vinna í leir.



SPÖLKORN ÚT Í BUSKANN

Þegar að Geitafellinu er komið er stefnan tekin í áttina að Sandfellinu. Þar er yfir greiðfært hraun að fara, leiðin slétt og auðgengin. Þar við veginn bíður bíllinn.

Benda má á, að í þessari ferð má einnig ganga um Jósefsdalinn og austur um Ólafsskarð og þaðan að Leiti. Ef tími er nægur og nógur snjór má lengja leiðina með því að ganga umhverfis Geitafellið. Það getur borgað sig. En fyrir alla muni, hafið áttavitann meðferðis.

Koss á vöndinn?

Lítið svar frá Sverri Hermannssyni við fyrirspurn framkvæmdastjóra Félags ísl. iðnrekenda.

Kæri vinur Valur.

Þegar stórt er spurt verður oft lítið svar. Þrír stjórnarsinnar á Alþingi hafa flutt frumvarp um helmings lækkun á vörugjaldi á öli og gosdrykkjum. Þessir flutningsmenn bera ábyrgð á, ásamt öllum ríkisstjórnarmönnum, að okurskattur var lagður á þessa starfsemi í desember sl. Kom berlega í ljós, að þeir gerðu sér þá fulla grein fyrir afleiðingunum, og auglýstu raunar þá sannfæringu sína rækilega.

Í umræðum um frumvarpið voru flutningsmenn spurðir hvort þeir hefðu tryggt málinu nægilegan stuðning. Fyrsti flutningsmaður, Guðmundur G. Þórarinsson, svaraði því til að svo væri ekki. Þar af leiðandi er augljóst, að frumvarp þeirra er fyrirfram dauðadæmt, þar sem skattlagningin í desember var sótt af ofurkappi af hálfu ríkisstjórnar og engum manni verið snúið til fylgis við málið í efri deild. Engum er ljósara en flutningsmönnum sjálfum, að frumvarp þeirra um lækkun á ofsköttun á öli og gosdrykkjum verður fellt í efri deild.

Þrír þingmenn í stjórnarliðinu höfðu í hendi sér í desember að koma í veg fyrir að vörugjaldið margumrædda yrði lagt á öl og gosdrykki. Þeir sáu þá svo um með atkvæði sínu að gjaldið var lagt á. Nú bera þeir fram frumvarp um að létta skattinum af þegar fyrir liggur að þeir hafa ekkert vald á málinu. Hvað kallar þú svona vinnubrögð minn góði vinur Valur?

Hvaða nafni á að nefna það, þegar meirihlutamenn í Alþingi, stjórnendur þjóðarinnar, taka upp á því að flytja mál gegn landsstjórninni, sem þeir vita fyrirfram, að nær ekki fram að ganga? Hvaða tilgangi eru þeir að þjóna öðrum en þeim að auglýsa sig sem hina „réttlátu", berandi fulla ábyrgð á okursköttuninni í desember, vitandi að frumvarpið er fyrirfram fallið? Ég kalla slíkan málatilbúnað sýndarmennsku og finn ekki annað orð sem hentar, nema ef vera skyldi yfirdrepsskapur, ef þú fellir þig betur við það.

Það stendur afar sjaldan svo á, að vitað sé fyrirfram að góð mál verði felld í meðförum Alþingis. Þess vegna er spurning þín um það, hvort öll mál stjórnarandstöðu séu ekki sýndarmennska, út í hött. Málatilbúnaður þremenninganna nú er ólíkur öllu því sem ég hefi kynnzt á 10 ára þingferli.

En fyrirspurn þín hruggaði við hugdettu um koss á vönd, hvernig svo sem það má nú vera.

Kær kveðja,

Sverrir Hermannsson.



Nemendasýning

NEMENDUR Jazzballetskóla Báru halda sýningu í Alþýðuleikhúsinu Hafnarbíói á morgun mánudag og nk. miðvikudag. Sýningarnar hefjast kl. 8.30.

Verkið ber heitið Martröð og er það frumsamið af Báru Magnúsdóttur skólastjóra. Best er að greina ekki frá efni verksins, því það mun koma áhorfendum á óvart. 23 dansarar taka þátt í sýningunni, en aðalhlutverk eru í höndum Sigrúnar Waage og Guðbergs Garðarsonar.